



VEÐURSTOFA
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1966
komudagur 3/3 1997

Dags.
26.2.1997

Tilv. vor
012/0146/MJ/KG

Tilv. yðar

Efni: Frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Veðurstofa Íslands lýsir stuðningi við frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi. Verði frumvarp þetta að lögum telur Veðurstofan að málaflokknum hafi verið markaður fastur rammi sem tryggja muni meiri festu og skilvirkni en áður. Aðkoma ráðuneyta og stofnana að ofanflóðamálum er skýr og að flestu eðlileg. Þá hefur hlutverk ofanflóðasjóðs og ofanflóðanefndar verið skýrar afmarkað en er í gildandi lögum.

Allstór hluti af starfsemi Veðurstofunnar á sviði snjóflóðavarna er fjármagnaður af ofanflóðasjóði. Um er að ræða hættumatsgerð, varnarvirkjaráðgjöf og snjóathugunarkerfi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á kostnaðarþátttöku í því síðastnefnda þannig að í reynd verði það kostað með þrennum hætti: Af fjárlögum Veðurstofunnar (laun), ofanflóðasjóði (mælitæki og búnaður) og sveitarsjóðum (aðstaða, rekstur tækjabúnaðar o.fl.). Veðurstofan telur æskilegra að aðeins yrði um að ræða skiptingu milli ofanflóðasjóðs og sveitasjóðs skv. reglum sem um það yrðu settar. Með því yrði betur tryggt að allt snjóeftirlitið hefði nægt rekstrarfé þótt misjafnlega áraði í framlagi til Veðurstofunnar á fjárlögum.

Veðurstofan leggur því til að fjármögnun ofanflóðasjóðs á verkefnum stofnunarinnar verði sérliður á fjárlögum hliðstætt því sem nú er gert vegna fjármögnunar á veðurþjónustu við alþjóðlegt flug innan íslenska flugstjórnarsvæðisins sem Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO greiðir. Sérstök áætlun væri þá gerð á Veðurstofunni um snjóflóðastarfsemina og hún lögð fyrir stjórn ofanflóðasjóðs um leið og fjárhagsáætlun er gerð fyrir stofnunina í heild. Inni í þessari áætlun yrði þannig snjóeftirlitið (fyrir utan þátt sveitarfélaganna), hættumatsgerð og varnarvirkjastarfsemi auk annars sem talið er eðlilegt að ofanflóðasjóður greiði. Með þessu fyrirkomulagi yrði fyrrnefnd starfsemi betur tryggð auk þess sem heildarsýn yrði skýrari á umfangi þessara málaflokka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

3.gr.

2. mgr.: Í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands, er ekki að finna ákvæði um að stofnunin eigi að afla gagna um hættu af völdum skriðufalla. Í nokkur ár hefur átt sér stað ágætt samstarf milli VÍ og NÍ um skráningu á skriðum á þessari öld og hefur ofanflóðasjóður greitt kostnað af því. Veðurstofan telur orka tvímælis að skipta gagnaöflun á ofanflóðahættu upp á milli tveggja stofnana með þeim hætti sem hér er gert. Varla er gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun eigi að fara að vakta hættu á skriðuföllum, tengja hana veðri, gefa út viðvaranir og vinna hættumat. Veðurstofan telur hins vegar eðlilegt að leitað sé samstarfs við stofnanir og fyrirtæki þegar slíkt hentar.

3. gr.

3. mgr. *orðalagsbreyting*: Í stað „fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum“ komi: „fylgjast með veðri, snjóalögum eða öðrum þáttum sem tengjast hættu á ofanflóðum“.

5. mgr. falli brott, sbr. það sem áður var sagt.

6. gr.

Í þessari grein er að finna umdeildasta atriði laganna varðandi hlutverk Veðurstofunnar. Orðalag er þó miklu betra en í gildandi lögum en eðlilegra væri að lögreglustjóri og almannavarnarnefnd lýstu yfir hættuástandi fremur en að Veðurstofan geri það. Í reynd lýsir Veðurstofan yfir snjóflóðahættu gagnvart lögreglustjóra og almannavarnarnefnd sem aftur kemur því á framfæri við viðkomandi íbúa. Það eru því lögreglustjóri og almannavarnarnefnd sem lýsa yfir hættuástandi gagnvart íbúum en ekki Veðurstofan. Því er spurning hvort ekki eigi að lögfesta þá kvöð á lögreglustjóra að lýsa yfir hættuástandi þegar Veðurstofan sendir út viðvörðun um snjóflóðahættu á tilteknu svæði. Það skal þó tekið fram að Veðurstofan hefur ekki skorast undan þessu óvenjulega hlutverki.

Orðalagsbreyting í 1. mgr.: „... lýsir yfir hættuástandi skal svo fljótt sem auðið er fólki komið í öruggt afdrep. Sé slíkt ekki til staðar í húsum innan svæðis eða svæða sem skilgreind eru í viðvörðunum Veðurstofunnar skal fólk flytja eða það flutt brott úr húsum á viðkomandi svæði í samræmi við gildandi neyðaráætlun.“

Skýring: Í nokkrum byggingum á rýmingarreitum eru örugg afdrep á snjóflóðahættutímum, t.d. í kjöllum eða á fyrstu hæð bygginga sem byggðar eru í halla. Algengt er erlendis að rýma niður í kjallara þegar lýst er yfir snjóflóðahættu. Miklir erfiðleikar geta verið á rýmingu ýmissa samfélagslegra bygginga, svo sem heilsugæslustöðva, elliheimila og sjúkrahúsa en oft má gera ráð fyrir öruggum afdrepum innan slíkra bygginga. Eðlilegt er að lög heimili að neyðaráætlun miðist við að íbúar eða vistmenn stofnana verði fluttir í örugg afdrep innan slíkra bygginga í stað þess að krefjast þess að þeir séu undantekningarlaust fluttir á brott.

7. gr.

Orðalagsbreyting í 1. mgr.: „Lögreglustjóri getur hvenær sem er, í samráði við almannavarnanefnd lýst yfir hættuástandi og ákveðið að rýma húsnæði vegna hættu á ofanflóðum þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst yfir af Veðurstofunni, skv. 6. gr.“

Ný málsgrein sem bætist við: Veðurstofa Íslands og eftirlitsmenn hennar í sveitarfélögunum fylgjast með veðurhorfum og öðrum aðstæðum m.t.t. hættu á krapa- og aurflóðum og eru lögreglustjóra og almannavarnanefnd til ráðuneytis um umfang og tímasetningu rýmingar vegna slíkra flóða.

Skýring: 7. gr. í frumvarpinu er árétuð heimild lögreglustjóra og almannavarnanefnda til rýmingar, einkum ef viðvaranir berast ekki frá Veðurstofu. Ekki er nægilega skýrt, að þar sem 6. gr. tekur einungis til rýminga vegna snjóflóðahættu, þá fara lögreglustjórar og almannavarnanefndir með hið formlega rýmingarvald gagn-vart aurflóðum og e.t.v. einnig gagnvart krapaflóðum. Veðurstofa Íslands mun lýsa yfir viðbúnaðarástandi þegar hætta skapast á krapa- og aurflóðum en ákvörðun um umfang og tímasetningu rýminga verða í flestum tilfellum teknar af lögreglustjóra og almannavarnanefnd.

Á nokkrum stöðum eru skilgreindir rýmingarreitir vegna hættu á krapa- og aurflóðum á uppdráttum Veðurstofu Íslands. Í flestum tilfellum er einungis kveðið á um það með almennum orðum í rýmingaráætlun að hætta sé á krapa- eða aurflóðum á tilgreindum svæðum.

Hlutverk Veðurstofu Íslands í rýmingum vegna krapa- og aurflóða felst aðallega í því að senda heimamönnum sérstakar veðurspár og vera til almenns stuðnings og ráðgjafar.

Málsgreinin sem lagt er til að bætist við lögin hnykkir á þessu hlutverki Veðurstofunnar og undirstrikar hlutverk lögreglustjóra og almannavarnanefnda að þessu leyti.

13. gr.

Nýtt upphaf 2. liðar:

2. Greiða allan kostnað við snjóeftirlit annan en vinnuáðstöðu og rekstur á búnaði eftirlitsmanns sbr. 4. mgr. 3. gr. Hér er átt við launakostnað eftirlitsmanna, kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er ... o.s.frv.

Virðingarfyllst


Magnús Jónsson
veðurstofustjóri